

Listasafn Einars Jónssonar

02 906

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Listasafn Einars Jónssonar

kt. 440269-7969

Hallgrímstorg 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Listasafn Einars Jónssonar er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Listasafn Einars Jónssonar (LEJ) er listasafn frumkvöðuls í íslenskri myndlist og það fyrsta á landsvísu sem opnað var almenningi í eigin húsnæði árið 1923. Safnið er staðsett í alfriðuðu húsi á Skólavörðuholti sem kallast Hnitbjörg. Safneignin samanstendur af rúmlega 350 listaverkum Einars Jónssonar (1874 –1954) auk fjölda muna er snerta feril og persónulegar eigur hans og Önnu Marie Mathilde Jørgensen eiginkonu hans. Safnið hýsir vinnustofur myndhöggvarans frá fyrri tíð ásamt fyrstu þakíbúð Reykjavíkur sem áður var hluti af heimili Einars og Önnu og er nú varðveitt sem slík. Í friðsælum höggmyndagarði á bakvið safnhúsið eru 26 bronsafsteypur af verkum Einars. Garðurinn er opin og aðgengilegur öllum og er því hluti af gæðum safnsins. Listaverk Einars má einnig finna á almannafæri víða um land sem og erlendis.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 63,2 milljónir og afkoma kr. -6,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -4,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 10,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Listasafns Einars Jónssonar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Listasafns Einars Jónssonar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

AlmaDís Kristinsdóttir
safnstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	50.100.000	55.300.000
Seld þjónusta		3.540.414	1.856.514
Vörusala	3	596.771	383.516
Framlög og ýmsar tekjur	4	8.752.000	10.286.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	258.263	159.907
Tekjur samtals		63.247.448	67.985.937
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	35.574.152	41.781.529
Annar rekstrarkostnaður	6	34.050.938	24.210.778
Afskriftir	7	258.263	159.907
Gjöld samtals		69.883.353	66.152.214
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(6.635.905)	1.833.723
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.335)	(811)
		(1.335)	(811)
Afkoma ársins		(6.637.240)	1.832.912
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(6.637.240)	(3.167.088)
Rekstrartilfærslur		0	5.000.000
		(6.637.240)	1.832.912

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		1.154.531	1.151.631
Fastafjármunir samtals		<u>1.154.531</u>	<u>1.151.631</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9	3.392.667	3.553.540
Viðskiptakröfur		118.240	32.155
Tengdir aðilar	10	75.000	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	166.000
Handbært fé	11	5.932.216	5.560.352
Veltufjármunir samtals		<u>9.518.123</u>	<u>9.312.047</u>
Eignir samtals		<u>10.672.654</u>	<u>10.463.678</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(4.371.018)	2.266.222
Eigið fé samtals		<u>(4.371.018)</u>	<u>2.266.222</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	10.571.083	4.777.734
Viðskiptaskuldir		1.051.785	330.487
Ýmsar skammtímaskuldir	13	2.630.685	2.440.853
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	790.119	648.382
Skuldir samtals		<u>15.043.672</u>	<u>8.197.456</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.672.654</u>	<u>10.463.678</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(6.637.240)	1.832.912
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	258.263	159.907
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(258.263)	(159.907)
		<u>(6.637.240)</u>	<u>1.832.912</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		79.915	44.045
Tengdir aðilar		5.857.186	(917.000)
Birgðir		160.873	(253.321)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>911.130</u>	<u>(678.028)</u>
		7.009.104	(1.804.304)
		<u>371.864</u>	<u>28.608</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(261.163)</u>	<u>(1.181.865)</u>
		(261.163)	(1.181.865)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	781.865
Fjárfestingarframlag		<u>261.163</u>	<u>400.000</u>
		261.163	1.181.865
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		371.864	28.608
		<u>5.560.352</u>	<u>5.531.744</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>5.932.216</u>	<u>5.560.352</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	50.100.000	55.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	258.263	159.907
	<u>50.358.263</u>	<u>55.459.907</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	49.900.000	0	0	49.900.000
Millifært úr varasjóð	200.000	0	0	200.000
Fjárveiting til tekna	50.100.000	0	0	50.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(56.737.240)	0	0	(56.737.240)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(6.637.240)	0	0	(6.637.240)

	2021	2020
3 Vörusala		
Vörusala I	196.387	105.274
Vörusala II	400.384	278.242
	<u>596.771</u>	<u>383.516</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	252.000	286.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	8.500.000	10.000.000
	<u>8.752.000</u>	<u>10.286.000</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	28.801.953	34.530.982
Orlof, breyting	234.619	(537.646)
Launatengd gjöld	6.349.390	7.693.703
Starfsmannakostnaður	188.190	94.490
	<u>35.574.152</u>	<u>41.781.529</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	3,1	3,6

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	216.038	141.491
Byggingarvörur, almennar	5.780	7.515
Ýmis tæki og áhöld	99.470	18.296
Orkugjafar	1.692.777	1.297.788
Matvæli	293.594	161.995
Almennar rekstrarvörur	200.902	313.769
Vörukaup, almenn	<u>2.508.561</u>	<u>1.940.854</u>
Ýmsar sérgreindar vörur	27.379	8.443
Vörukaup, sérgreind	<u>27.379</u>	<u>8.443</u>

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Fundir, námskeið, risna	84.950	40.727
Ferðir, uppihald	54.000	4.000
Akstur	116.914	51.357
Sérfræðiþjónusta	3.670.872	1.181.510
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	34.320	29.707
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	612.303	159.373
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	87.614	32.094
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	4.660.973	1.498.768
Afnotagjöld	1.535.005	1.093.132
Leigugjöld	18.591.906	17.981.447
Notkun véla og flutningatækja	572.195	391.430
Verkkaup	5.832.587	1.514.775
Opinber gjöld	1.000	35.250
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	26.532.693	21.016.034
Vörukaup	160.459	0
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	160.873	(253.321)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	321.332	(253.321)
Annar rekstrarkostnaður samtals	34.050.938	24.210.778
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	258.263	159.907
	258.263	159.907
	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.154.531	1.151.631
	1.154.531	1.151.631
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2021	2.162.052	2.162.052
Viðbætur á árinu	261.163	261.163
	2.423.215	2.423.215
Afskriftir 01.01.2021	1.010.421	1.010.421
Afskrift ársins	258.263	258.263
	1.268.684	1.268.684
Staða 31.12.2021	1.154.531	1.154.531

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Birgðir

Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I)	3.100.667	3.131.540
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II)	292.000	422.000
	<u>3.392.667</u>	<u>3.553.540</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	75.000	0
	<u>75.000</u>	<u>0</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	10.459.363	4.777.734
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	111.720	0
	<u>10.571.083</u>	<u>4.777.734</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	31.150	10.500
Tékkareikningar	1.539.194	733.298
Bankareikningar	4.361.872	4.816.554
	<u>5.932.216</u>	<u>5.560.352</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	2.266.222	386.510
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	46.800
Afkoma ársins	(6.637.240)	1.832.912
Jöfnuður 31.12.	<u>(4.371.018)</u>	<u>2.266.222</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	2.597.134	2.362.515
Skattar	33.551	78.338
	<u>2.630.685</u>	<u>2.440.853</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	1.154.531	1.151.631
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(364.412)	(503.249)
	<u>790.119</u>	<u>648.382</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	1.151.631	(503.249)	648.382
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	400.000	400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	261.163	(261.163)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(258.263)	0	(258.263)
	<u>1.154.531</u>	<u>(364.412)</u>	<u>790.119</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,1 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samninga um húsnæði, kassakerfi og öryggisgæslu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 19,4 milljónum, vegna kassakerfis og öryggisgæslu 0,7 milljónir, aðrir samningar 0,5 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.